



Fiskveiðilögsaga Íslands. Ódagsett greinargerð

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan –
Fiskveiðilögsaga

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-25, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TRÚNADARMÁL

FISKVEIÐILÖGSAGA ÍSLANDS

GREINARGERÐ

EFNISYFIRLIT

- I. Inngangsorð.
- II. Viðhorfið fyrir Genfarráðstefnurnar.
- III. Milliríkjasamningar varðandi verndun fiskistofna.
- IV. Genfarráðstefnurnar:
 - A. Aðdragandi.
 - B. Niðurstöður.
- V. Þróun mála eftir Genfarráðstefnurnar.
- VI. Núverandi ástand og horfur.
- VII. Alþjóðadómstóllinn í Haag.
- VIII. Forgangsréttindi samkvæmt samningum.
- IX. Þriðja ráðstefna varðandi réttarreglur á hafinu.
- X. Heildarniðurstöður og tillögur.

INNGANGSORÐ

Síðan heimsstyrjöldinni lauk hefur stefna ríkisstjórnar Íslands verið sú, að greina beri milli tiltölulega þröngrar landhelgi annars vegar og hins vegar fiskveiðilögsögu, sem ákveða beri, hvað víðáttu snertir með hliðsjón af hagsmunum strandríkisins. Að því er Ísland varðar, var talið raunhæft og sanngjarnt, að fiskveiðilögsagan væri miðuð við yztu mörk landgrunnsins. Var þá jafnframt talið, að óraunhæft væri og ósanngjarnt, að sjálfur landgrunnsbotninn væri háður óskorðuðum yfirráðum strandríkisins, en að hafið yfir landgrunninu væri óháð slíkum reglum. Hitt var einnig ljóst, að alþjóðalög voru ekki í samræmi við þessar hugmyndir. Varð það því stefna ríkisstjórnar Íslands að reyna að hafa áhrif á þróun alþjóðalaga á þessu sviði.

Með hliðsjón af ofangreindu voru löggin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins sett hinn 5. maí 1948. Var þar ákveðið, að sjávarútvegsmálaráðuneytið skyldi með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skyldu háðar íslenskum reglum og eftirliti. Skyldi ráðuneytið einnig ákvarða allar nauðsynlegar reglur til verndar fiskistofnunarinnar á þessum svæðum, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskólans (nú Hafrannsóknastofnunarinnar). Lögum þessum hefur verið framfylgt á þann hátt, að flóum og fjörðum hefur verið lokað með beinum grunnlínunum og fiskveiðilögsagan ákveðin 12 sjómílur til hafs frá þeim. Innan þess svæðis er erlendum mönnum nú bannað að stunda fiskveiðar. Frá öndverðu hefir verið við það miðað, að frekari útfærsla mundi verða gerð á grundvelli alþjóðalaga svo fljótt sem verða mætti.

Hinn 5. maí 1959 samþykkti Alþingi ályktun, þar sem því var beint til ríkisstjórnarinnar að afla viðurkenningar annarra ríkja á rétti Íslendinga til fiskveiðilögsögu á hafinu yfir landgrunninu, Þessi stefna kom einnig fram í samningum Íslands við Breti frá 11. marz 1961 og Þjóðverja frá 19. júlí 1961.

Greinargerð þessi mun fjalla um frekari ráðstafanir í þessu efni í ljósi þjóðaréttarins. Verður leitast við að gefa yfirlit yfir möguleika fyrir frekari einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar samkvæmt alþjóðalögum, þ.e. umfram 12 mílur frá núgildandi grunnlínunum. Slíkt yfirlit verður að byggjast á athugun á löggjöf hinna fmsu ríkja, því að afstaða þeirra mótast viðhorfið til venjuréttar á þessu sviði. Þjóðaréttarins sem öðrum. Ekki er ástæða til að rekja sögu þjóðaréttarins varðandi þetta viðfangsefni. Nægilegt er að gefa stutt yfirlit yfir reglur þær, sem taldar voru gilda fyrir Genfarráðstefnurnar 1958 og 1960 varðandi réttarreglur á hafinu; skýra síðan frá viðhorfi þeirra ráðstefna og ræða núverandi ástand og horfur. Þá verður og að ræða nokkuð viðhorf í alþjóðasamningum í þessum málum. Loks verður að draga saman heildar niðurstöður og tillögur.

Að sjálfsögðu er hægt að skrifa mikið mál um þetta viðfangsefni. Hagkvæmara virðist að reyna að gefa í sem stytztu máli heildaryfirlit yfir viðfangsefnið í þeirri von, að aðalatriðin liggi þá ljóst fyrir.

II.

VIÐHORFIÐ FYRIR GENFARRÁÐSTEFNURNAR
VARÐANDI RÉTTARREGLUR Á HAFINU.

Fyrir Genfarráðstefnurnar 1958 og 1960 var hin ríkjandi skoðun sú, að frá lágfjörumarki á ströndum hefði hvert ríki rétt til að telja sér landhelgi allt að þrem sjómílum til hafs. Innan þeirra marka hafði strandríkið óskoraða lögsögu einnig yfir fiskveiðum; utan þeirra marka hefði ríkið enga lögsögu yfir fiskveiðum, nema að því er varðaði þegna þess sjálfs. Einu undantekningarnar sem viðurkenndar voru frá þriggja mílna kerfi þessu voru reglur, sem framfylgt hafði verið á tilteknum svæðum óátalið af öðrum ríkjum í langan tíma, þ.e. 4 mílna reglan í skandinavísku löndunum, 6 mílna reglan í Miðjarðarhafs-löndunum, 12 mílna reglan í Sovétríkjunum og reglan varðandi "sögulega flóa" - "historic bays".

Samkvæmt þessum reglum var talið, að þar sem þörf væri fyrir sérstakar reglur, t.d. til að vernda fiskistofna, yrði að setja þær með sérstökkum samningum hlutaðeigandi ríkja. Jafnvel þótt ljóst væri, að árangursríkar reglur á þessu sviði væru sjaldséðar - nema þar sem nágrannaríki átti í hlut, sem sameiginlegra hagsmuna höfðu að gæta, var ekki talið að um önnur úrræði væri að ræða. Var þá jafnframt talið, að hinar ýmsu nefndir og stofnanir, sem byggðar voru á milliríkjasamningum, gætu leyst þau vandamál, sem hér væri um að ræða.

III.

MILLIRÍKJASAMNINGAR VARÐANDI VERNDUN
FISKISTOFNA.

Nú eru starfandi um það bil tuttugu nefndir og stofnanir, er láta skulu verndun fiskistofna til sín taka. Fyrir aðra heimsstyrjöldina voru þessir aðilar þegar teknir til starfa og hafa haldið starfsemi sinni áfram síðan:

The International Council for the Exploration of the Sea.

The International Council for the Scientific Exploration of the Mediterranean.

The International Halibut Commission.

The International Pacific Salmon Commission.

Eftir heimsstyrjöldina hafa eftirfarandi tekið til starfa:

The International Whaling Commission.

The Indo - Pacific Fisheries Council.

The Inter American Tropical Tuna Commission.

The General Fisheries Council for the Mediterranean.

The International Commission for the North-West Atlantic Fisheries.

The International Pacific Fisheries Commission.

The Permanent Commission of the Conference on the Use and Conservation of the Marine Resources of the South Pacific.

The North Pacific Fur Seal Commission.

The Joint Commission for the Conservation of Seals in the Northeast Atlantic.

The Joint Commission for Black Sea Fisheries.

The Northeast Atlantic Fisheries Commission.

The Joint Commission for Fisheries Cooperation.

The Japan - Republic of Korea Joint Fisheries Commission.

Þá hefir FAO einnig sett á stofn eftirfarandi:
The Regional Fisheries Commission for Western
Africa.

The Regional Fishery Advisory Commission for the
Southwest Atlantic.

Ofangreindar nefndir og stofnanir hafa mismunandi
valdsvið. Venjulega er starfsemi þeirra bundin við það
að gera tillögur til hlutaðeigandi ríkisstjórna.

Að því er Ísland varðar hefir ávallt verið haft í
huga síðan heimsstyrjöldinni lauk og hafizt var handa um
útfærslu fiskveiðilögsögunnar, að starfsemi slíkra aðila
ætti að vera óháð spurningunni um viðáttu fiskveiðilögsögu
strandríkisins. Þannig fékkst það samþykkt, að svohljóð-
andi grein var sett inn í alþjóðasamninginn um Inter-
national Commission for the Northwest Atlantic Fisheries
(I. gr. 2. mgr.):

"Nothing in this Convention shall be deemed to
affect adversely (prejudice) the claims of any
Contracting Government in regard to the limits
of territorial waters or to the jurisdiction of
a coastal State over fisheries."

Það var einnig fyrir áhrif af Íslands hálfu, að 2.
gr. alþjóðasamningsins um Northeast Atlantic Fisheries
Commission hljóðar þannig:

"Nothing in this Convention shall be deemed to
affect the rights, claims, or views of any Con-
tracting State in regard to the extent of juris-
diction over fisheries."

Norðaustur Atlantshafsnefndin er sú stofnun, sem
ásamt alþjóða hafrannsóknaráðinu, skiptir mestu máli,
þegar rætt er um verndun fiskistofna á Íslandssvæðinu
(sjá Samningar I, nr. 116). Samkvæmt 7. gr. Northeast
Atlantic Fisheries Convention getur nefndin gert tillögur
til samningsaðilanna varðandi:

"... a. any measures for the regulation of the size of mesh of fishing nets;

b. any measures for the regulation of the size limits of fish that may be retained on board vessels, or landed, or exposed or offered for sales;

c. any measures for the establishment of closed seasons;

d. any measures for the establishment of closed areas;

e. any measures for the regulation of fishing gear and appliances; other than regulation of the size of mesh of fishing nets;

f. any measures for the improvement and the increase of marine resources which may include artificial propagation, the transplantation of organisms and the transplantations of young.

2. Measures for regulating the amount of total catch, or the amount of fishing effort in any period, or any other kind of measures for the purpose of the conservation of the fish stocks in the Convention area, may be added to the measures listed in paragraph 1 of this Article or a proposal adopted by not less than a two-thirds majority of the Delegations present and voting and subsequently accepted by all Contracting States in accordance with their respective constitutional procedures..."

Meginreglan sú, sem samningurinn byggir á, er að tillaga, sem hefir fylgi a.m.k. 2/3 í nefndinni, verði látin koma til framkvæmda, ef henni hefir ekki verið mótmælt innan 90 daga. Séu mótmæli fram borin, hefir tillagan ekki gildi gagnvart því ríki, sem mótmælt hefir.

Nefndin ákvað á fundi sínum í maí 1968 vegna tillögu Íslands um lokun tiltekinna svæða við Ísland, að viðtækar rannsóknir skyldu fram fara á Íslandssvæðinu á næsta þriggja ára tímabili í því skyni að sannreyna ástand þorsk og fýsustofnanna við Ísland.

Síðar í þessari greinargerð verður náðar vikið að hugsanlegum möguleikum í þessu sambandi.

GENFARRÁÐSTEFNURNAR 1958 OG 1960.

A. Aðdragandi.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1949 lagði alþjóðalaganefndin fram lista yfir þau verkefni, sem nefndin áleit, að hún ætti að vinna að öðrum fremur á sviði alþjóðalaga. Á listanum voru þrjú verkefni, þ.e. gerðardómar, milliríkjasamningar og réttarreglur varðandi úthafið. Fulltrúi Íslands í laganefnd allsherjarþingsins lagði til að bæta bæri við réttarreglur varðandi landhelgi, vegna þess að nauðsynlegt væri að rannsaka í heild allar réttarreglur varðandi hafið. Var á það bent, að hugtakið "úthaf" væri ekki hægt að skýrgreina, án þess að reglur um viðáttu landhelgi væru fyrir hendi. Tillaga þessi var samþykkt gegn ákafri mótspyrnu.

Alþjóðalaganefndin notaði síðan mörg ár til að rannsaka réttarreglurnar varðandi hafið og skilaði álitinu sínu til allsherjarþingsins haustið 1956. Meðan á starfinu stóð, voru gerðar tilraunir á allsherjarþinginu til að taka út úr einstök atriði til sérstakrar meðferðar og afgreiðslu og þá sérstaklega landgrunnsbotninn, en allar slíkar tilraunir voru án árangurs. Hafði fulltrúi Íslands í laganefnd allsherjarþingsins jafnan forgöngu í því að koma tillögum þessum fyrir katternef.

Á þessu tímabili var sérstök ráðstefna haldin í Róm (árið 1955) á vegum FAO til að fjalla um verndun auðæva sjávarins (^{Conference on} ~~Convention of~~ the Living Resources of the Sea). Voru þá samþykktar fýsjar tillögur um verndun fiskistofna og annarra auðæva sjávarins, sem alþjóðalaganefndin hafði síðan til hliðsjónar í starfi sínu. Eftirtektarvert er, að í 1956 skýrslunni segir nefndin þetta um fiskveiðilögsögu í sérstökum tilvikum:

"Claims of exclusive fishing rights, on the basis of special economic circumstances."

- (1) The Commission's attention had been directed to a proposal that where a nation is primarily dependent on the coastal fisheries for its livelihood, the State concerned should have the right to exercise exclusive jurisdiction over fisheries up to a reasonable distance from the coast having regard to relevant local considerations, when this is necessary for the conservation of these fisheries as a means of subsistence for the population. It was proposed that in such cases the territorial sea might be extended or a special zone established for the above-mentioned purpose.
- (2) After some discussion of this problem the Commission realized that it was not in the position fully to examine its implications and the elements of exclusive use involved therein. The Commission recognized, however, that the proposal, as in the case of the principle of abstention (see commentary to article 53), may reflect problems and interests which deserve recognition in international law. However, lacking competence in the fields of biological science and economics adequately to study these exceptional situations, the Commission, while drawing attention to the problem, has refrained from making any concrete proposals."

Meðan alþjóðalaganefndin vann að skýrslu sinni um þessi mál sendi hún uppköst sín hinum ýmsu ríkisstjórnunum, til umsagnar. Af Íslands hálfu voru öll þau tækifæri notuð til að koma skoðunum ríkisstjórnarinnar á framfæri og undirstrika sérhagsmuni Íslendinga. Hið sama er að segja um umræður í laganeftnd allsherjarþingsins.

Svo sem kunnugt er gerði alþjóða laganeftndin ekki ákveðnar tillögur um víðáttu landhelgi eða fiskveiðilögsögu. Varðandi það atriði segir svo í skýrslu nefndarinnar:

"1. The Commission recognizes that international practice is not uniform as regards the delimitation of of the territorial sea.

Á ráðstefnunni 1958 náðist ekki samkomulag um víðáttu landhelgi né fiskveiðilögsögu og var því kölluð saman önnur Genfarráðstefna árið 1960 til að fjalla nánar um þau mál. Ekki náðist samkomulag þar heldur. Í því, sem hér fer á eftir, verður aðeins rætt um víðáttu fiskveiðilögsögunnar og þá á grundvelli þess, sem fram fór á báðum Genfarráðstefnunum.

Á ráðstefnum þessum kom í ljós að sú stefna ríkisstjórnar Íslands að greina beri milli tiltölulega þröngrar landhelgi og víðtækari fiskveiðilögsögu var rétt. Mótbáruur þær sem upp komu á ráðstefnunni gegn rýmkun lögsögu voru að mestu leyti byggðar á því að hernaðarleg rök mæltu gegn útfærslu landhelginnar sem slíkrar. Þau rök gátu ekki átt við fiskveiðilögsöguna og voru því vopnin þannig slegin úr hendi andstæðinganna að verulegu leyti. Varðandi þetta atriði hefur nýlega orðið stefnubreyting, t.d. af hálfu Bandaríkjanna, en það breytir ekki viðhorfinu á Genfarráðstefnunum á sínum tíma.

Kerfi það, sem lagt var til og að nokkru leyti samþykkt í Genf, gerði ráð fyrir venjulegum grunnlínum - og í sérstökum tilvikum - beinum grunnlínum. Frá þessum grunnlínum skyldi síðan vera landhelgi 6 mílur til hafs og fullkomin fiskveiðilögsaga 12 mílur frá hinum sömu grunnlínum að áskildum 10 ára umpóttunartíma. Grunnlínukerfið var samþykkt, en víðátta landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar, sem byggð var á tillögu Bandaríkjanna og Kanada fékkst ekki samþykkt. Aðeins eitt atkvæði vantaði til að 2/3 meirihluta fengist fyrir tillögunni. Breytingartillaga Íslands um að 10 ára ákvæðið næði ekki til ríkja, þar sem þjóðin byggði afkomu sína á fiskveiðum hafði áður verið felld og greiddi Ísland því atkvæði gegn aðaltillögunni. Ekki verður þó sagt, að Genfarráðstefnurnar hafi sýnt, að engin regla sé til á þessu sviði 'alþjóðalaga. Segja má, að gengið hafi verið að þriggja mílna reglunni dauðri, en 12 mílur voru greinilega álitnar ef yfirgæfandi meirihluta vera hámark.

Ákvæði samningsins um fiskveiðar ráðgerir reglu- bundið kerfi til verndar fiskistofnunar til að tryggja hámarksarð einnig á svæðinu utan lögsögu strandríkis. Grundvallar sjónarmiðið í kerfi þessu er að ekki skuli gera upp á milli þegna strandríkisins og erlendra þegna. Enda þótt forgangsaðstaða strandríkisins sé að ýmsu leyti viðurkennd í samningum, breytir það ekki þessu grundvallaratriði. Þess ber einnig að minnast í þessu sambandi, að í landgrunnssamningnum frá Genf er ^{þess um} beinum orðum tekið fram, að enda þótt ríkið hafi fullkomin yfirráð yfir landgrunnsbotninum, hafi það ekki áhrif á hafsvæðið fyrir ofan, þó að það sé utan landhelgi, úthaf.

Þær einhliða aðgerðir, sem strandríkin í tilteknum tilvikum eru heimilaðar í 7. gr. samningsins um fiskveiðar, eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

- a) að bryna nauðsyn beri til að grípa til ^{varu} varuáráðstafana í ljósi fiskifræðilegra staðreynda,
- b) að ráðstafanirnar séu byggðar á vísindalegum niðurstöðum,
- c) að ráðstafanirnar mismuni ekki erlendum fiskimönnum, hvorki að efni né formi.

Ýmsar tillögur voru gerðar á Genfarráðstefnunum varðandi það sérstaka tilvik, að þjóð á afkomu sína undir fiskveiðum undan ströndum sínum. Var þar ráðgert, að tryggja bæri forgangsaðstöðu strandríkisins, þ.e. að "non - discrimination" reglan skyldi ekki gilda í slíkum tilvikum.

Af Íslands hálfu var lögð fram tillaga varðandi þetta atriði fyrir báðar ráðstefnurnar. Á ráðstefnunni 1960 var tillagan svohljóðandi:

"Where a people is overwhelmingly dependent upon its coastal fisheries for its livelihood or economic development and it becomes necessary to limit the total catch of a stock or stocks of fish in areas adjacent to the coastal fisheries zone, the coastal State shall have preferential

rights under such limitations to the extent rendered necessary by its dependence on the fishery.

In the case of disagreement, any interested State may initiate the procedure provided for in the Convention on Fishing and Conservation of the Living Resources of the High Seas, adopted by the United Nations Conference on the Law of the Sea of 1958".

Á ráðstefnunni 1960 var tillaga Íslands samþykkt í nefnd með 31 atkvæði gegn 11, en 46 ríki sátu hjá. Á allsherjarfundum (Plenary) var tillagan felld, þar sem 25 greiddu atkvæði með, 37 gegn og 26 sátu hjá.

Á ráðstefnunni árið 1960 var lögð fram breytingartillaga við tillögu Bandaríkjanna og Kanada (6 plús 6 tillagan) frá Brazílu, Kúbu og Uruguay, þar sem ráðgert var, að strandríki gæti krafist forgangsréttar á svæðinu utan fiskveiðilögsögu sinnar, þegar vísindalega væri sannað, að sérstök tilvik væru fyrir hendi, þannig að fiskveiðar á svæðinu hefðu grundvallarþýðingu fyrir efnahagslega afkomu þjóðarinnar eða matvælaþarfir hennar. Tillaga þessi var samþykkt með 58 atkvæðum gegn 19, en 10 sátu hjá. Hins vegar féll þessi breytingartillaga, þegar aðaltillagan var felld. Engu að síður var það ljóst, að á ráðstefnunni 1960, að yfirgnæfandi meirihluti var fylgjandi því grundvallarsjónarmiði, að í sérstökum undantekningar tilvikum ætti strandríkið að fá réttindi utan marka hinnar venjulegu lögsögu, þar sem ekki væri aðeins um að ræða "non - discriminatory" reglur, enda þótt þar væri ekki um að ræða einhliða aðgerðir. Af ýmsum ástæðum voru engar slíkar tillögur samþykktar í formi samningsákvæðis. Hins vegar náði ein slík tillaga fram að ganga í formi ályktunar, þ.e. Resolution on Special Situations, sem samþykkt var á ráðstefnunni 1958. Sú ályktun er á þessa leið:

"The United Nations Conference on the Law of the Sea,

Having considered the situations of countries or territories whose people are overwhelmingly dependent upon coastal fisheries for their livelihood or economic development,

Having considered also the situation of countries whose coastal population depends primarily on coastal fisheries for the animal protein of its diet and whose fishing methods are mainly limited to local fishing from small boats,

Recognizing that such situations call for exceptional measures befitting particular needs, Considering that, because of the limited scope and exceptional nature of those situations, any measures adopted to meet them would be complementary to provisions incorporated in a universal system of international law,

Believing that States should collaborate to secure just treatment of such situations by regional agreements or by other means of international co-operation,

Recommends:

1. That where, for the purpose of conservation, it becomes necessary to limit the total catch of a stock or stocks of fish in an area of the high seas adjacent to the territorial sea of a coastal State, any other States fishing in that area should collaborate with the coastal State to secure just treatment of such situation, by establishing agreed measures which shall recognize any preferential requirements of the coastal State regulating from its dependence upon the fishery concerned while having regard to the interests of the other States;

2. That appropriate conciliation and arbitral procedures shall be established for the settlement of any disagreement."

Ljóst er, að slíkar ráðstafanir verða að byggjast á samningum við hlutaðeigandi ríki. Þess ber einnig að minnast, sem áður er að vikið, að í Genfarsamningnum varðandi landgrunnið er berum orðum tekið fram, að réttindi strandríkisins yfir sjálfu landgrunninu hafi engin áhrif á yfirráð þess yfir hafsvæðinu fyrir ofan.

Þróun mála eftir Genfarráðstefnurnar.

Jafnvel þótt ekki hafi tekizt að ná samkomulagi á Genfarráðstefnunum um víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu, var þó ljóst þar, að almennt samkomulag var fyrir hendi um 12 mílna fiskveiðilögsögu a.m.k. að því áskildu, að 10 ára umþóttunartími væri viðurkenndur fyrir hlutaðeigandi ríki á svæðinu milli 6 og 12 mílna. Þetta varð sérstaklega ljóst eftir seinni ráðstefnuna, þegar tillaga Bandaríkjanna og Kanada um 12 mílna fiskveiðilögsögu og 10 ára aðlögunar tímabil skorti aðeins eitt atkvæði til að ná $2/3$ meirihluta atkvæða.

Útfærsla fiskveiðilögsögunnar á grundvelli kerfis fór fram í Noregi 1961 og Danmörku (fyrir Grænland) 1963. Noregur gerði samning við Bretland 17. nóvember 1960 og við Bóvetríkin 16. apríl 1962, þar sem þessum ríkjum var veittur réttur til fiskveiða á svæðinu milli 6 og 12 mílna fram til 31. október 1970. Þegar Danmörk lýsti því yfir 1963, að til stæði að lögfesta 12 mílna fiskveiðitakmörk við Grænland, var jafnframt tekið fram, að aðlögunartímabil á svæðinu milli 6 og 12 mílna yrði veitt Bretlandi, Frakklandi, Íslandi, Noregi, Portúgal, Spáni og Þýskalandi þar til 31. október 1973. Hins vegar var í samningum Íslands við Breta og Þjóðverja aðeins miðað við þriggja ára aðlögunar tímabil.

Hér ber einnig að minna á fiskimála ráðstefnuna á Evrópu, sem haldin var í London í desember 1963 til marz 1964. Ráðstefna þessi gekk frá "European Fisheries Convention", sem lögð var fram til undirskriftar hinn 9. marz 1964. Var þar gert ráð fyrir 12 mílna fiskveiðitakmörkum og rétti til veiða á svæðinu milli 6 og 12 mílna fyrir þær þjóðir, sem þar höfðu stundað fiskveiðar. Er þar þó gengið skemmra en gert var í tillögu Bandaríkjanna og Kanada í Genf, því að fiskveiðarétturinn er takmarkaður við þau svæði og þær fisktegundir sem áður hafði verið miðað við. Hins vegar eru réttindi þessi ótímabundin (15. gr.). Samningnum er hægt að segja upp með tveggja ára fyrirvara 20 árum eftir gildistöku hans, þ.e. fiskveiðaréttindin mundu þá gilda a.m.k. til 1984.

Hvorki Ísland né Noregur gerðust aðilar að Londonarsamningnum og Danmörk gerði fyrirvara varðandi Færeyjar og Grænland.

Í samningnum er ákvæði þess efnis, að hægt sé að áskilja strandríki sérstök réttindi, þar sem íbúarnir eiga afkomu sína undir fiskveiðum (11. gr.). Þetta verður þó aðeins gert á samkomulagi við hina samningsaðilana og mundi aðeins eiga við á svæðinu innan 12 mílnanna. Utan 12 mílna er ekki gert ráð fyrir neinum sérréttindum fyrir strandríkið í samningi þessum.

Eftir samþykkt Londonarsamningsins voru fiskveiðitakmörk Bretlands færð út í 12 mílur. Á grundvelli samningsins veittu Bretar erlendum skipum rétt til fiskveiða á svæðinu milli 6 og 12 mílna (á tilteknum svæðum) og voru réttindin bundin við tilteknar fisktegundir. Tvíhliða samningar varðandi sérréttindi á svæðinu milli 6 og 12 mílna voru einnig gerðir við Noreg, Pólland og Sovétríkin, sem ekki eru aðilar að Londonarsamningnum.

Með lögum frá 14. október 1966 voru fiskveiðitakmörk Bandaríkjanna færð úr 3 mílum í 12 mílur.

Útfærsla Bretlands og Bandaríkjanna er mjög eftirtektarverð. Bæði þessi ríki höfðu áður verið aðal forvígismenn þriggja mílna reglunnar og höfðu sem miklar siglingarþjóðir haft víðtæk áhrif á afstöðu annarra ríkja. Má því vafalaust telja, að 3 mílna reglan hafi fengið rothöggð, enda þótt hún hafi í raun og veru ekki átt sér uppdráttar von eftir Genfarráðstefnurnar, svo sem áður er að vikið.

Ýms önnur ríki hafa fært út fiskveiðilögsögu sína á grundvelli Genfarsamninganna. Ísland gerði það þegar árið 1958 og mörg önnur ríki hafa gert hið sama á undanförunum árum.

VI.

Núverandi ástand og horfur.

Sú spurning, sem nú þarf að gera skil, er hvort það mundi vera í samræmi við alþjóðalög, eð ríkisstjórn Íslands færði fiskveiðilögsöguna út einhliða umfram núgildandi 12 mílur.

Það er ljóst, að ef aðeins væri um það að ræða að gefa út reglur, sem gildi hefðu jafnt fyrir Íslendinga sem erlenda menn og miðuðu að því að vernda fiskistofnana, mundu vissir möguleikar vera fyrir hendi samkvæmt ákvæðum Genfarsamningsins um fiskveiðar (ef sá samningur yrði fullgiltur af Íslands hálfu).

Það sem hér er um að ræða er hins vegar það að útiloka útlendinga frá veiðum utan 12 mílna markanna að einhverju leyti eða öllu, með einhliða ákvörðun. Áður en hægt er að svara þeirri spurningu verður að athuga lög-
gjöf hinna ýmsu ríkja varðandi fiskveiðilögsögu þeirra.

Slíkt yfirlit sýnir, að þessi ríki hafa gert kröfu til 12 mílna eða minna:

3 mílur:

Zambia
Guyana
Japan
Jordan
Kína (Taiwan)
Kongo
Kúba
Malaysia
Malta
Mauritius
Pólland
Singapore
Trinidad og Tobago

3-12 mílur:

Finnland (4)
Grikkland (6)
Haiti (6)
Israel (6)
Júgóslavía (10)
Lebanon (6)
Maldive eyjar (6)

7

12 mílur:

Albania	Mauritania
Algeria	Moroco
Ástralía	Nigeria
Bandaríkin	Noregur
Belgía	Nýja Sjáland
Brasilía	Portúgal
Bretland	Rúmenia
Búlgaría	Saudi Arabia
Burma	Sierra Leone
Colombia	Somali
Cyprus	Sovétríkin
Dahomey	Suður Afríka
Danmörk	Spánn
Dominíkanska lýöv.	Súdan
Ethiopia	Svíþjóð
Frakkland	Sýrland
Gabon	Tanzania
Holland	Thailand
Indonesia	Togo
Iran	Tyrkland
Iraq	United Arab
Írland	Ukrania
Ítalía	Uruguay
Ivory Coast	Venezuela
Jamaica	Viet Nam
Kanada	Yemen
Kenya	<u>Pýzkaland</u>
Kuwait	58
Liberia	
Libya	
Malayasia	

Eftirtalin ríki hafa talið sér lögsögu yfir
veiðum fyrir utan 12 mílna mörkin:

Argentina
Cambodia
Cameroon
Ceylon
Chile
Costa Rica
Ecuador
El Salvador
Ghana
Guatemala
Guinea
Honduras
Indland
Ísland
Korea
Mexico
Nicaragua
Pakistan
Panama
Peru
Senegal
Túnis

32

Er nú nauðsynlegt að athuga nánar réttarreglur
þessara síðasttöldu ríkja svo og hvort þeim hafi verið
framfylgt í framkvæmd. Virðist gleggst til yfirlits að
taka fyrst til meðferðar þau lönd, sem að vísu hafa sett
reglur varðandi svæðið utan 12 mílna marka, en hafa ekki
framfylgt þeim. Enda þótt þar sé um mikilsverðar stefnu-
yfirlýsingar að ræða, verða slík tilvik ekki notuð sem
fordæmi varðandi framkvæmd lögsögu. Sýnist ljóst, að
alþjóðadómstóllinn mundi láta þannig á málið.

Þessi ríki eru:

1. Ceylon.

Núgildandi landhelgi og fiskveiðilögsaga, þar sem
erlendum þegnum eru bannaðar veiðar, er 6 sjómíllur.

Hinn 19. desember 1957 voru settar reglur, þar sem Ceylon taldi sér heimilt að koma upp verndarsvæðum innan 100 mílna frá yztu mörkum landhelginnar. Textinn er svohljóðandi:

- (1) that the Government of Ceylon has had and shall have full and exclusive sovereign rights over the sea-bed and subsoil of the continental or insular shelf adjoining the territory and beyond the territorial waters of Ceylon, and accordingly may cause the exploration and exploitation of the natural resources of such sea-bed subsoil;
- (2) that the Government of Ceylon may from time to time -
 - (a) establish, in accordance with laws enacted for the purpose, conservation zones in such part of the Indian Ocean as is commonly known as the Wadge Bank and in such areas of the high seas adjacent to the territorial waters of Ceylon as are within a distance of one hundred nautical miles from the outer limits of those waters,
 - (b) take measures in the conservation zones so established in order to protect, conserve and control fisheries and other living resources of the sea from indiscriminate exploitation, depletion or destruction, and
 - (c) subject to the provisions of any international agreement or convention to which the Government of Ceylon is or may hereafter be a party, regulate all fishing activities in the aforesaid areas of the high seas in order to enforce the laws that may be enacted from time to time for the aforesaid purposes, and
- (3) that nothing contained in this Proclamation shall be deemed to affect or diminish the un-

dis

disposed and exclusive sovereign right and national jurisdiction of the Government of Ceylon to and over the Chank Fisheries and the Pearl Banks and Pearl Fisheries of Ceylon.

Reglurnar um verndarsvæði þann, sem rætt er um í textanum, hefir ekki verið framfylgt.

2. Costa Rica.

Hinn 2. nóvember 1949 voru settar reglur um að Costa Rica teldi sig hafa lögsögu yfir fiskveiðum á landgrunnssvæðinu allt að 200 mílur frá ströndum (UN. Doc. ST/LEG/SER. B/1 (high seas) bls. 9-10). Stjórnarvöld Costa Rica hafa haldið því fram, að erlendir fiskimenn þurfi að sækja um leyfi til að stunda fiskveiðar á svæðinu. Í framkvæmd hefir ekkert orðið úr þessum ráðagerðum og er miðað við 12 mílna svæði. Mexikönsk fiskiskip, sem stundað hafa veiðar innan 12 mílna, hafa verið tekin, en látin afskiptalaus þar fyrir utan.

3. El Salvador.

Í stjórnarskrá El Salvador frá 7. september 1950 segir, að landhelgi ríkisins sé, allt að 200 mílur frá ströndum og nái til landgrunnsins og hafsins yfir því. Sama regla hefir verið tekin upp í 8. gr. stjórnarskrárinnar frá 1962.

Í framkvæmd hefir verið miðað við 12 mílur og erlend fiskiskip verið látin afskiptalaus þar fyrir utan. Hins vegar hafa útgerðarmenn í El Salvador lagt mjög að stjórninni að framfylgja ofangreindum reglum.

4. Ghana.

Í landhelgis og landgrunnslögum Ghana frá 19. apríl 1963 segir, að landhelgi Ghana sé 12 mílur frá lágfjöruborði. Þá segir einnig, að forseta landsins sé heimilt að setja reglur varðandi verndun fiskistofna allt að 100 sjómílum frá yztu mörkum landhelginna. Slíkar reglur hafa ekki verið gefnar út enn.

5. Guatemala.

Í stjórnarskrá Guatemala frá 1. marz 1956 segir svo í 3. grein:

"The public domain shall include all Guatemalan territory, soil, subsoil, territorial sea, continental shelf and air space and shall extend to the natural resources and wealth existing therein, without prejudice to free maritime and air navigation in accordance with the law and the provisions of international treaties and conventions."

Að vísu er ekki berum orðum sagt, að fiskveiðar á landgrunnssvæðinu séu undir yfirráðum ríkisins, en þar sem vikið er að siglingafrelsi hefir verið ályktað e contrario, að svo væri.

Í framkvæmd hefir verið miðað við 12 mílur svo sem ráðgert var í úrskurði frá 21. apríl 1939 (U.N. Doc. ST/LEG/SER. B/1 bls. 79).

6. Honduras.

Með forsetaúrskurði nr. 98 frá 28. janúar 1950 lýsti Honduras yfir óskoruðum rétti sínum til landgrunn-
ins og hafsins yfir því svo og rétti til verndar fiski-
stofnum og eftirliti á 200 mílna svæði frá ströndum (UN.
Doc. ST/LEG/SER. B/6 bls. 22-23).

Reglum þessum hefir ekki verið framfylgt utan 12 mílna.

7. Indland.

Landhelgi Indlands var færð út í 12 mílur hinn 30. september 1967. Til þess tíma var landhelgi 6 mílur.

Hinn 29. nóvember 1956 gaf forseti Indlands út yfirlýsingu um sérstök verndarsvæði innan 100 mílna fyrir utan landhelgina. Yfirlýsingin er á þessa leið:

"Whereas the coastal communities of India have from time immemorial been engaged in fishing activities in the high seas adjacent to its territorial waters;
and whereas certain areas of these high seas provide fisheries which contribute to the food and means of livelihood of large sections of the population and, consequently, India has a special interest in maintaining the productivity of the living resources in all such areas;

Now, therefore, I, Rajendra Prasad, President of India, I, hereby proclaim and declare in the Seventh Year of the Republic as follows:

The Government of India enjoy from time to time:

- (i) establish, in accordance with laws enacted for the purpose, conservation zones in areas of the high seas adjacent to the territorial waters of India, but within a distance of one hundred nautical miles from the outer limits of those waters;
- (ii) take conservation measures with zones so established in order to protect fisheries and other living resources of the sea from indiscriminate exploitation, depletion or destruction; and
- (iii) subject to the provisions of any international agreement or convention to which India, is or may hereafter become, a party regulate all fishing activities in the said areas of the high seas in order to enforce the laws and regulations that may be issued from time to time for the purposes aforesaid."

Reglum þessum hefir enn ekki verið framfylgt að því er fiskveiðar snertir.

Á ráðstefnunni í Genf árið 1958 kom það fram af hálfu sendinefndar Indlands, að ekki væri ráðgert í yfirlýsingunni að mismuna erlendum fiskimönnum, heldur væri ætlunin að setja verndarákvæði, sem giltu þafnt fyrir innlenda menn sem útlenda (UN. Doc. A/CONF 13/41 bls. 5).

8. Ísland.

Með landgrunnslögunum frá 5. apríl 1948 var sjávarútvegsmálaráðuneytinu heimilað að setja reglur innan endimarka landgrunnsins til verndar fiskistofnum.

Reglum þessum hefir ekki verið framfylgt utan 12 mílna frá beinum grunnlínunum.

9. Kórea.

Með forsetaúrskurði frá 18. janúar 1952 lýsti Suður-Kórea yfir fullveldi sínu yfir landgrunninu og hafinu yfir því. Eru þar einnig afmarkaðar línur 20 til 200 mílur frá ströndum, þar sem fiskveiðar séu háðar vernd og eftirliti. Textinn er birtur í UN Doc. ST/LEG/SER. B/6 bls. 30-31.

Japanskir fiskimenn höfðu lengi stundað veiðar á svæðum þessum og urðu miklar deilur vegna hinna nýju takmarka ("Rhee-mörkin" milli Japan og Kóreu). Mikill fjöldi japanskra skipa var tekinn og fiskimenn handteknir. T.d. var talið, að árið 1960 hafi 170 japönsk skip verið tekin og 214 fiskimenn handteknir. Alls munu um 4000 japanskir fiskimenn hafa verið handteknir samkvæmt reglum þessum.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna gekk í málið og leiddi það til samningaviðræðna milli Japan og Kóreu. Samkomulag náðist með samningi, sem undirritaður var hinn 22. júní 1965. Er þar kveðið á um 12 mílna fiskveiðilögsögu Kóreu, en jafnframt afmarkað sérstakt svæði þar fyrir utan, þar sem bæði ríkin skulu hafa eftirlit og takmarki veiðar á. Nær það svæði til mikils hluta þess, sem áður var afmarkað með Rhee-línunum.

Þar sem hér er um mjög eftirtektarvert samkomulag að ræða virðist rétt að taka hér upp efni þess, sem er á þessa leið:

"Japan and the Republic of Korea are desirous of maintaining a maximum and lasting productivity of fishery resources in waters of mutual interest.

The two countries recognize and believe that the preservation of fishery resources in the said waters as well as the rational development and expansion of the resources will contribute to the interests of both countries.

The principle of the freedom of the high seas will be respected by the two countries in all cases except those stipulated in the agreement.

The two countries are desirous of the high seas will be respectcreate disputes in fishing operations resulting from the complicated nature of such operations due to the geographic proximity of the two countries.

The following articles have been agreed upon with the hope that the two countries will cooperate with each other in expanding their respective fishing industries.

Article I

1. Waters within 12 nautical miles off the base lines of each nation shall be designated their exclusive fishing ones.

If either nation wishes to draw the demarcation line designating its exclusive fishing zone in a straight line, it shall obtain the consent of the other nation.

2. Neither nation shall raise objections if one nation declares its exclusive fishing zone off limits to the fishing vessels of the other nation.

3. Areas where the exclusive fishing zones of the two nations overlap shall be divided in two by straight lines joining the ends of the overlapping areas with the midpoints of straight lines drawn across the areas at their widest points.

Article II

The two nations shall establish a joint control zone (See map).

Article III

Pending the completion of exhaustive scientific surveys for ensuring maximum and lasting productivity of fish resources in joint restrictive zones, dragnet fishing, surrounding net fishing and mackerel fishing by fishing boats of over 60 tons shall be governed by temporary regulatory measures to be set forth in documents attached to this agreement.

Article IV

1. The authority for policing (including the right to halt and inspect vessels) and exercising court jurisdiction in waters outside the exclusive fishing zones shall be exercised by the nation to which the fishing boat belongs.

2. Both nations shall extend appropriate guidance and supervision to ensure that the temporary regulatory measures are faithfully observed by their peoples and fishing boats. Violations shall be handled with domestic measures including appropriate penalties.

Article V

Joint surveys shall be conducted on fishery resources in waters to be established outside the joint control zones.

The extent of the areas where the surveys shall be conducted and the details of the surveys shall be determined through consultations by the two nations on the basis of the recommendations to be made by the joint fishery committee to be referred to in Article VI.

Article VI

1. A joint fishery committee shall be established and maintained to attain the objective set forth in this agreement.

Article VII

1. The committee shall perform the following tasks:

(a) To make recommendations to the two contracting parties regarding the scientific research to be made for the purpose of studying fishery resources in the joint control zones on regulatory measures to be taken on the basis of the findings of research.

(b) To make recommendations to the two parties on the boundaries of sea areas, the resources of which are to be studied jointly by the two parties.

(c) To deliberate on matters related to the temporary regulating measures for fishing when the need arises and to make recommendations to the two parties on steps to be taken based on the results of the deliberations. (The steps may include revision of the provisional measures regulating fishing.).

3. Governments of the two contracting parties shall respect recommendations made by the committee as much as possible.

Article VIII

1. The two contracting parties shall take measures which they deem appropriate to have persons and fishing vessels of their own nationalities observe the international practices concerning voyages to seek safe operations by fishing vessels belonging to them, to maintain order among operating fishing vessels and to achieve smooth and speedy settlement of incidents between their fishing boats on the seas.

Article IX

1. Attempts shall be made to solve disputes arising between the two contracting parties over interpretation and execution of the agreement first through diplomatic channels.

2. Disputes which cannot be settled under the preceding provision shall be referred to the Mediation Committee composed of two members, each of whom is to be

is to be appointed by the government of the each contracting country, and another member whose appointment is to be agreed on by the two members.

The third member, however, must not be a person belonging to either of the two contracting parties.

3. In case any of the governments of the two contracting parties fails to appoint a member within the prescribed time or in case agreement is not reached on the third Mediation Committee member or on the country the third member belongs to within the prescribed time, the Mediation Committee shall be composed of two members to be appointed by governments of two countries, each of whom is to be named within 30 days by one of the two contracting parties and a third member to be appointed by the government of a country which is to be named by the two chosen governments through consultations.

4. The Governments of the two contracting parties shall obey the decisions to be made by the Mediation Committee under the provisions of this article.

Article X

The agreement shall be effective for five years. After that, it shall remain effective for a further one-year period from the day when either of the contracting parties informs the other of its intention to abrogate the agreement.

Agreed Minutes on the Japan-ROK Fishery Agreement.

2. (a) The yearly haul of mackerel in the joint control waters by trawl nets, surrounding nets and boats of more than 60 tons shall be set at a total 150.000 tons with a 10 per cent leeway above and below this figure.

Each Government shall be ready to control the number or size of a fleet of fishing boats so as to keep the total catch down to 165.000 tons or less whenever the catch appears certain to exceed the basic quantity of 150.000 tons.

(b) Each Government shall designate landing ports for ships of its own nationality which have caught fish in joint control waters subject to temporary regulatory measures as regards fishing.

Provisional Restrictive Measures: Control and Violation.

3. (a) The authorized Government employe aboard an inspection vessel of either of the parties shall notify the counterpart of the other party of violations of the said restrictive measures, immediately after he has discovered what he believes to be obvious and definite cases of such violations.

The Government of the other party after being informed of the violation shall respect the notice in exercising his patrolling rights and disciplining the violator.

(c) Concerning the temporary measures, each Government shall provide as many facilities as possible for the authorized official of the other party to check the enforcement of such measures on its territories, should such a request be received.

(c) Each Government, when the other party asks for its employe to inspect the actual control of its fishing boats and this request shall agree to take him aboard the inspection ship which engages in such a mission.

Notes in Regard to Fishery Cooperation.

The Governments of Japan and the Republic of Korea in order to develop and improve their fishery industries, will extend their utmost cooperation in technological and economic aspects, including:

1. The exchange of fishery information and technique.
2. The exchange of fishery experts and engineers.

Official Statement by Agriculture-Forestry
Minister Eiichi Sakata.

It is officially stated here that the Japanese Government, in accordance with the fishery agreement signed, has decided on measures to:

2. Restrict the number of Japanese fishing boats, fishing concurrently, in the coastal and joint control waters, which are not subject to the temporary regulating measures, to less than 1.700.

3. Give necessary administrative guidance to the number of whaling ships in the joint waters. The Government, due to its grave concern regarding whale resources in the waters, will strive to ensure that the number of small-sized whale catchers and their whaling efforts will remain at the present size while restrictive guidance will likewise be taken against large-sized whaling ships of more than 100 tons.

10. Mexico.

Með forsetaúrskurði frá 29. október 1945 (UN. Doc. ST/LEG/SER. B/1 bls. 13-14) taldi Mexico sér yfirráðarétt yfir landgrunnshafinu í því skyni að vernda auðævi sjávarins. Eftir langvarandi deilur var ákveðið með lögum frá 9. desember 1967, að fiskveiðilögsagan skyldi miðuð við 12 sjómílur og er framkvæmdin nú byggð á þeim.

11. Nicaragua.

Í 5. gr. stjórnarskrár Nicaragua frá 1. nóvember 1950 segir, að landgrunnur tilheyri ríkinu. Var ákveðið í fyrstu túlkað þannig, að hafið yfir landgrunninu væri talið með, en þeirri túlkun hefir ekki verið framfylgt.

12. Pakistan.

Um Pakistan er svipað að segja og Indland og Ceylon. Hinn 29. desember 1966 var landhelgin færð út í 12 sjómílur. Yfirlýsing var gefin út hinn 19. febrúar 1966 varðandi 100 mílna verndarsvæði utan landhelgi. Því ákvæði hefur ekki verið framfylgt.

Ef litið er á listana á bls. 19 og 20 að framan yfir þau 21 ríki, sem hafa talið sér yfirráð utan 12 mílna marka og tekin eru af honum þau ríki, sem ekki hafa framfylgt kröfum sónum, verða eftir þessi ríki:

Argentína

Cambodia

Cameroon

Guinea

Panama

Senegal

Túnis.

Chile, Ecuador og Perú (venjulega tekin saman)
þ.e.a.s. alls 10 ríki.

Verður nú að athuga afstöðu þessara ríkja nánar.

1. Argentína.

Hinn 11. október 1946 lýsti Argentína yfir fullveldi sínu yfir landgrunninu og hafinu yfir því (UN. Doc. ST/LEG/SER. B/1 bls. 4-5). Hins vegar kom ekki til framkvæmda fyrr en 1967 og var landhelgin þangað til talin 3 mílur (Codigo civil, 2340. gr), en fiskveiðilögsagan 10 mílur (síðan 1907 - UN Doc. ST/LEG/SER B./1 bls. 51.

Með lögum frá 25. desember 1968 (UN Doc. A/AC. 135/11 bls. 7-8) var fiskveiðilögsagan færð út í 200 mílur. Lög þessi koma til framkvæmda 29. janúar 1967 og er texti þeirra svohljóðandi:

"Art. 1. The sovereignty of the Argentine^e nation shall extend over the sea adjacent to its territory for a distance of 200 nautical miles measured from the ~~time~~^{line} of the lowest tide, except in the cases of the San Matios, Nuero and San Jorge Gulfs, where it will be measured from the line joining the promontories which form their mouth.

Art. 3. The provisions of this law shall not affect freedom of navigation or air traffic.

Art. 4. Within ninety days from the date of promulgation of this law, the National Executive power shall issue regulations establishing the terms under which foreign ships may conduct operations designed to explore and exploit the natural resources of the sea within the 200 nautical mile zone referred to in this law."

Ekki var svo að skilja, að argentísk stjórnvöld ætluðu að útiloka erlenda fiskimenn, heldur var ráðgert, að þeir þyrftu að sækja um leyfi til fiskveiða á svæðinu. Með úrskurði frá 4. janúar 1967 var sjóhernum heimilað að gefa út slík leyfi til veiða á svæðinu milli 12 og 200 mílna (UN. Doc. A/AC. 135/11 bls. 8). Veiðar erlendra skipa eru aðeins bannaðar innan 12 mílna, en háðar eftirliti, leyfum og reglum utan þeirra.

2. Cambodia.

Síðan 1957 hefir Cambodia talið sér 5 mílna landhelgi og fiskveiðilögsögu allt að 50 metra dýptarlínu. Er þar aðeins um hluta af landgrunninu að ræða, því að það miðast við 200 metra dýptarlínu eða meir í Cambodiu.

Á Genfarráðstefnunni 1960 greiddi Cambodia atkæði með 12 mílna lögsögu (Summary Records, UN Doc. A/COWF. 19/8 bls. 85 og 151).

Cambodia hefir átt í deilum við nágrannaríkin, t.d. Thailand, vegna þessara ákvæða.

3. Cameroon.

Landhelgi Cameroon var færð út í 18 sjómílur með lögum frá 3. nóvember 1967.

4. Guinea.

Samkvæmt 1. gr. úrskurðar no. 224 frá 3. júní 1964 er landhelgi Guineu 130 sjómílur (UN. Doc. A/AC. 135/11/ Add. 1 bls. 6).

Að því er virðist hafa þessar reglur litla þýðingu fyrir fiskveiðar, því að þær fara fram nálægt ströndum. Þá er einnig talið, að lítið sé um eftirlit eða framkvæmdir á þessu svæði.

5. Panama.

Fram til 18. desember 1958 var landhelgi Panama 3 mílur, en þann dag voru sett lög um 12 mílna landhelgi.

Með úrskurði no. 449 frá 17. desember 1946 voru settar reglur um hákarlaveiðar erlendra skipa og þar ákveðið, að slíkar veiðar á svæðinu yfir landgrunninu væru háðar eftirliti Panama.

6. Senegal - 18 mílur (1968).

7. Túnis.

Að meginstefnu til er landhelgi Túnis 6 mílur frá grunnlínu. En á suðausturströndinni á tilteknu svæði (frá Ras Kapoudia að landamærum Líbyu) er landhelgi og fiskveiðilögsaga talin ná til 50 metra dýptarlínunnar, þ.e. um það bil 65 mílur frá ströndinni. Þess ber þó að geta, að svæði þetta er að mestu leyti innan Gabes flóans. Það sem áður var sagt um Cambodiu gildir einnig um Túnis, þ.e. að 50 metra dýptarlínan nær aðeins til hluta landgrunnssvæðisins, sem afmarkast af 200 metra dýpi í a.m.k.

Reglur þessar er að finna í lögum nr. 62-35 frá 16. október 1962 (Journal Official, No. 53 frá 16. október 1962).

7. - 9. Chile, Ecuador og Perú.

Svo sem áður segir, er venjulega rætt um þessi 3 ríki saman. Ástæðan er sú, að þau hafa samskonar reglur og hafa staðið saman um að framkvæma þær. Hafa þau átt í deillum við Bandaríkin og verður nánar vikið að því síðar.

Chile og Perú settu reglur um fullveldisyfirráð sín yfir landgrunninu og hafinu yfir því árið 1947 og Ecuador hefir fylgt sömu reglum síðan 1952. Með Santiago yfirlýsingunni frá 18. ágúst 1952 staðfestu þessi ríki, að ^{þau} mundu framfylgja lögsögu allt að 200 mílur frá ströndum.

Santiago yfirlýsingin er á þessa leið:

1. Governments are bound to ensure for their people access to necessary food supplies and to furnish them with the means of developing their economy.

2. It is therefore the duty of each Government to ensure the conservation and protection of its natural resources and to regulate the use thereof to the greatest possible advantage of its country.

3. Hence it is likewise the duty of each Government to prevent the said resources from being used outside the area of its jurisdiction so as to endanger their existence, integrity and conservation to the prejudice of peoples so situated geographically that their sea are irreplaceable sources of essential food and economic materials.

For the foregoing reasons the Governments of Chile, Ecuador and Peru, being resolved to preserve for and make available to their respective peoples the natural resources of the areas of sea adjacent to their coasts, hereby declare as follows:

(I) Owing to the geological and biological factors affecting the existence conservation and development of the marine fauna and flora of the waters adjacent to the coasts of the declarant countries, the former extent of the territorial sea and contiguous zone is insufficient to permit of the conservation, development and use of those resources, to which the coastal countries are entitled.

(II) The Governments of Chile, Ecuador and Peru therefore proclaim as a principle of their international maritime policy that each of them possesses sole sovereignty and jurisdiction over the area of sea adjacent to the coast of its own country and extending not less than 200 nautical miles from the said coast.

(III) Their sole jurisdiction and sovereignty over the zone thus described includes sole sovereignty and jurisdiction over the sea floor and subsoil thereof.

(IV) The zone of 200 nautical miles shall extend in every direction from any island or group of islands forming part of the territory of a declarant country. The maritime zone of an island or group of islands belonging to one declarant country and situated less than 200 nautical miles from the general maritime zone of another declarant country shall be bounded by the parallel of latitude drawn from the point at which the land frontier between the two countries reaches the sea.

(V) This declaration shall not be construed as disregarding the necessary restriction on the exercise of sovereignty and jurisdiction imposed by international law to permit the innocent and inoffensive passage of vessels of all nations through the zone aforesaid.

(VI) The Governments of Chile, Ecuador and Peru state that they intend to sign agreements or conventions to put into effect the principles set forth in this Declaration and to establish general regulations for the control and protection of hunting and fishing in their respective maritime zones and the control and co-ordination of the use and working of all other natural products or resources of common interest present in the said waters."

Svo sem áður segir miða þessi þrjú ríki lögsögu sína við landgrunnið og hafið yfir því allt að 200 sjómílum. En öll hafa þau þröngt landgrunn og 200 mílna mörkin eru þar langt fyrir utan.

Eftirtektarvert er, að fulltrúar þessara ríkja hafa við ýms tækifæri lýst því yfir, að tilgangurinn með löggjöf þeirra sé ekki að mismuna útlendingum heldur að vernda fiskstofnana á þann hátt að öllum - innlendum sem erlendum - sé alveg gert jafnhátt undir höfði, nema sérstaklega standi á. Í framkvæmdinni hafa ríki þessi gefið út leyfi til erlendra fiskiskipa til veiða innan 200 mílna markanna - aðallega til bandarískra skipa, en einnig til japanskra og þýzkra.

Fjölmörgum sinnum hafa bandarísk skip verið tekin fyrir ólöglegar veiðar á 200 mílna svæðunum. Þekktasta dæmið er Onassis málið frá 1954, þar sem Peru tók verksmiðjuskipið "Olympic Challenger" og fjögur önnur skip 110 mílur frá ströndinni.

Aðalniðurstaðan varðandi þessi ríki er sú, að þau telji sér lögsögu ekki til þess að útiloka útlendinga heldur til aðvernda fiskistofnana með reglum, sem gilda skulu jafnt fyrir alla.

Afstaða Bandaríkjanna hefir verið sú að mótmæla rétti þessara ríkja til lögsögu utan 12 mílna (áður 3 mílna), en af pólitískum ástæðum hefir verið farinn milli-vegurinn. Með lögum frá 27. ágúst 1954 varðandi ólöglega töku bandarískra fiskiskipa ("Fishermen's Protective Act") var ákveðið, að ríkissjóður Bandaríkjanna endurgreiði eigendum skipanna sektir og annan kostnað vegna töku þeirra af hálfu erlendra stjórnvalda á svæðum, sem Bandaríkin viðurkenna ekki lögsögu hlutaðeigandi ríkja á. Lög þessi voru gerð enn víðtækari árið 1968.

Samkvæmt upplýsingum frá bandarískum aðilum, sem um mál þessi hafa fjallað, hafa langflest skip verið tekin mjög nálægt ströndum.

Niðurstöður.

Að lokinni athugun á afstöðu þeirra ríkja, sem talið hafa sér lögsögu utan 12 mílna, virðist unnt að draga þessar ályktanir:

1) Fimm ríki í Suður-Ameríku, þ.e. Argentína, Chile, Ecuador, Panama og Peru hafa framfylgt lögsögu yfir fiskveiðum á svæði sem miðað er ýmist við landgrunnið eða 200 mílna svæði. Að Panama undanskildu hafa lögsagan verið framkvæmd á 200 mílna svæði. En framkvæmdin er miðuð við verndun fiskistofna og ekki útilokun erlendra skipa.

2) Túnis og Cambodia miða við 50 metra dýptarlínu. Slík regla mundi ekki leiða til útfærslu íslenzkrar fiskveiðilögsögu.

3) Cameroon miðar við 18 mílur og Guinea við 130 mílur. Hér er um nýlega settar reglur að ræða og vafaþamt er, hversu mikla þýðingu þessi ákvæði hafi fyrir fiskveiðar erlendra skipa. Að því er Guineu snertir, liggja ekki fyrir upplýsingar um að hve miklu leyti reglunum sé framfylgt.

Að öllu þessu athuguðu verður ekki talið að venju-
réttur hafi skapast að þjóðarétti í þá átt að löglegt
mundi teljast, að settar væru einhliða reglur um framkvæmd
lögsögu utan 12 mílna markanna.

Hitt er jafnljóst, að rúmlega 20 ríki hafa hug á
lögsögu utan 12 mílna og er þar um breytingu að ræða, sem
Ísland hefir ávallt stutt. Er nauðsynlegt að halda áfram
að styðja slíka viðleitni, enda er ekki ólíklegt að þessi
ríki reyni að styrkja aðstöðu sína og enn fremur að fleiri
ríki bætist í hópinn. Slík þróun getur tekið langan tíma.

Sérstaða Íslands er nú yfirleitt viðurkennd og
styrkist hún einnig af því, að áður fyrr voru fiskveiði-
takmörk Íslands mjög víðfeðm. En grundvöll fyrir frekari
einhliða aðgerðum af Íslands hálfu er ekki enn að finna
í alþjóðalögum. Þess ber einnig að minnast hér, að til-
laga Íslands á Genfarráðstefnunni 1960 um sérstöðu fékk
aðeins 25 atkvæði, 37 voru á móti og 26 sátu hjá.

VII.

Alþjóðadómstóllinn í Haag.

Spurningin um víðáttu fiskveiðilögsögu hefir aldrei verið lögð fyrir alþjóðadómstólinn í Haag. Hins vegar er nokkrar leiðbeiningar að finna í tveim málum, sem fyrir dómstólinn hafa komið.

Í máli Breta og Norðmanna varðandi norska fiskveiðilögsögu (Fisheries Case) var aðeins um að ræða norsku grunnlínuna, þar sem Bretar höfðu fyrirfram viðurkennt 4 mílna landhelgi Noregs. Í dómnum komu þó fram skoðanir, sem að meginstefnu til geta einnig átt við, þegar dæma á um víðáttu lögsögunnar frá grunnlínunum. Þannig segir í dómnum (bls. 133):

"In this connection, certain basic considerations inherent in the nature of the territorial sea, bring to light certain criteria which though not entirely precise, can provide courts with an adequate basis for their decisions, which can be adapted to the diverse facts in question. Among these considerations, some reference must be made to the close dependence of the territorial sea upon the land domain. It is the land which confers upon the coastal State a right to the waters off its coasts. It follows that while such a State must be allowed the latitude necessary in order to be able to adapt its delimitation to practical needs and local requirements, the drawing of base-lines must not depart to any appreciable extent from the general direction of the coast.

Another fundamental consideration, of particular importance in this case, is the more or less close relationship existing between certain sea areas and the land formations which divide or surround them. The real question raised in the choice of base - lines is in effect whether certain sea

areas lying within these lines are sufficiently closely linked to the land domain to be subject to the regime of internal waters. This idea, which is at the basis of the determination of the rules relating to bays, should be liberally applied in the case of a coast, the geographical configuration of which is as unusual as that of Norway."

Rökstuðningurⁱⁿⁿ varðandi "certain economic interests peculiar to a region" virðist einnig mega nota, þegar rætt er um víðáttu lögsögu frá grunnlínum.

Hér skal einnig minnzt á landgrunnsmálin, sem nýlega voru fyrir dómstólnum (Pýzkaland gegn Danmörku) og Pýzkaland gegn Hollandi - Continental Shelf Cases).

Segir þar (bls. 38):

"There is also a direct correlation between the nations of closest proximity to the coast and the sovereign jurisdiction which the coastal State is entitled to exercise and must exercise, not only over the seabed underneath the territorial waters but over the waters themselves, which does not exist in respect of continental shelf areas where there is no jurisdiction over the superjacent waters, and over the seabed only for purposes of exploration or exploitation."

Hér kemur greinilega fram, að alþjóðadómstóllinn telur ekki, að strandríki hafi lögsögu á hafinu yfir landgrunninu^{inu} sem slíkt.

Þegar rætt er um alþjóðadómstóllinn er rétt að hafa í huga, að hann hefir verið skipaður þannig, að Evrópa og Suður Ameríka hafa lengst af haft óeðlilega marga dómara. Nú er dómstóllinn skipaður 5 dómurum frá Vestur Evrópu og Bandaríkjunum, 4 frá Asíu, 2 frá Austur Evrópu, 2 frá Afríku og 2 frá Suður Ameríku. Vitað er, að þróunarríkin eru mjög óánægð með þessa

skipan og er ekki ólíklegt, að breytingar verði gerðar á skipan dómstólsins, þannig að fleiri komist að frá Asíu og Afríku. Er nauðsynlegt að fylgjast vel með þessu máli af Íslands hálfu, því að afstaða dómstólsins getur breytzt á þennan hátt, enda er það eitt af verkefnum Sameinuðu þjóðanna að stuðla að þróun þjóðréttarreglna ("progressive development of international law"), en ekki aðeins að skrásetja þær reglur, sem þegar eru fyrir hendi ("codification").

VIII.

Forgansréttindi samkvæmt samningum.

Áður er að því vikið hér að framan, að nú fari fram rannsókn á þýðingarmiklum fiskistofnum við Ísland til þess að meta ástand þeirra. Er sú rannsókn framkvæmd samkvæmt ákvörðun Norðaustur Atlantshafsnefndarinnar. Ef rannsóknin leiðir í ljós - svo sem líklegt er - að takmarka beri sóknina, kemur upp spurningin um forgangsrétt Íslendinga. Mundi slíkur réttur vera í samræmi við ályktun Genfarráðstefnunnar frá 1958. Ætti einn liður í undirbúningi á þessu sviði að vera athugun hafrannsóknastofnunarinnar á heildarafla á Íslandsmiðum undanfarin 10 ár, hvernig aflinn hefir skipzt milli þjóða, þ.á.m. hlutur Íslands í honum og hvert magn sé Íslendingum nauðsynlegt næstu árin.

Margskonar umræður hafa farið fram að undanfögnu um slík vandamál. T.d. hefir norðvestur Atlantshafsnefndin rætt þau og hugmyndir verið uppi um t.d. að þjóðir skuldbindi sig til að auka ekki sókn sína á tiltekin mið.

Á ráðstefnu, sem haldin var í Law of the Sea Institute völd háskólann í Rhode Island í Bandaríkjunum sumarið 1968 flutti prófessor James A. Cratchfield erindi er hann nefndi "National Quotas for the North Atlantic Fisheries: An Exercise in Second Best". (Proceedings of the Third Annual Conference of the Law of the Sea Institute, bls. 263-275). Í umræðum þeim, sem fram fóru um erindið spurðist Hans G. Andersen fyrir um það, hvernig slíkt kvótakerfi mundi hugsað t.d. á Íslandssvæðinu. (ibid. bls. 287-288). Professor Cratchfield svaraði spurningunni mjög óljóst og þegar innt var eftir frekari svörum sagði ambassador Donald McKennan, sem er sérstakur ráðunautur utanríkisráðherra Bandaríkjanna í fiskveiðimálum, þetta, (ibid. bls. 289-290):

"... Take the stock of cod that Icelandic fishermen fish, this is reasonably definable; the MSY is pretty well known. Let us make that assumption for the moment and I think it is a reasonable one.

In the first place Iceland gets about 60 per cent of these, the United Kingdom, 25 per cent, West Germany, about 15 per cent. One particular way of approaching this would be to guarantee Iceland 60 per cent of the fish. Iceland is guaranteed 60 per cent of the historical catch; history being negotiable. The United Kingdom, West Germany and any third country that insists on coming in and fishing, plus Iceland, would compete freely for the other 40 per cent. The advantage is that there is a preference given to Iceland, she is guaranteed the preference of a coastal State; the protection of the United Kingdom's and West Germany's investments are insured - they have a right to compete for the other 40 per cent; you have a place for a third party if they choose to come in, and you have conservation involved by the quota system itself. And to the extent that you have the scientific background to apply such a system it seems to me that is, or some variation of this, would provide a solution to that kind of a problem where they have a completely matured fishery, fully used, by a coastal State, and an adjacent water fishery. That is only one possibility and I do not propose it, but you asked for an example and I am giving it to you."

Eftirtektarvert er, að Mr. Wall, sem lengst hefir verið fulltrúi Breta í fiskveiðimálum, tók næstur til máls, en lét þessi ummæli McKennans afskiptalaus.

Virðist sjálfsagt að kanna sem fyrst hvaða möguleikar kunna að vera fyrir hendi samkvæmt þessari leið. Sýnist rétt, að það sé í fyrstu gert með algjörlega óformlegum viðræðum við hlutaðeigandi aðila, þ.e. fyrst og fremst Breta og Þjóðverja, en hagkvæmt væri einnig að ræða við Bandaríkjamenn svo og Rússa, sem í vaxandi mæli byggja

upp fiskveiðiflota sinn til veiða á fjarlægum miðum - einnig við Ísland.

Að sjálfsögðu verður að gæta þess vel í slíkum viðræðum og e.t.v. samningum að ekkert sé gert, sem spillt geti fyrir frekari þróun þjóðaréttarins varðandi einhliða aðgerðir.

Þau atriði, sem sérstaklega þarf að athuga í viðræðum um hugsanlega skipan þessara mála eru þessi:

1. Samningssvæði.

Miða yrði við allt Íslandssvæðið, þar sem fiskveiðar eru stundaðar.

2. Hámarksafli.

Athuga þarf árlegan hámarksafla allra þjóða á Íslandsmiðum og hvernig hann skiptist milli þjóða. Sé t.d. miðað við milljón tonn á ári af botnfiski þarf að meta þarfir Íslands á forgangsgrundvelli. E.t.v. mætti ganga þannig frá málum að einungis togveiðar komi undir kvótakerfi.

3. Skipting aflans.

Að meginstefna til eru tvær aðferðir til að tryggja forgangsrétt strandríkis:

a) Kvótakerfi.

Rétt hefir verið um að kvóti Íslands yrði 60%/~~0~~ væru tryggð og Íslendingar gætu keppt við aðrar þjóðir um hin 40 0/0.

b) Kvótakerfi ásamt einhliða útfærslu.

Þegar forgangsréttur Íslands er viðurkenndur væri e.t.v. hægt að nota nokkra útfærslu sem lið í kerfinu. Væri þá hægt að afmarka viss svæði fyrir bátaútgæð, án þess að tiltaka ákveðin málufjölda eða heldur yrði miðað við aðstæður á staðnum. Til viðbótar því kæmi svo heildar ^{Kv}þótakerfi.

4. Eftirlit.

Nauðsynlegt væri að koma á öruggu eftirliti með því að kvótunum yrði fylgt.

5. Alþjóðleg aðstoð.

Við frekari rannsóknir á ástandi fiskistofnanna væri væntanlega hægt að fá mikilsverða fjárhagsaðstoð bæði hjá FAO og e.t.v. vísindadeild NATO.

IX.

Þriðja ráðstefna varðandi réttarreglur á hafinu.

Sumarið 1967 snéri ríkisstjórn Sovétríkjanna sér til ýmissa ríkja á því skyni að afla upplýsinga um afstöðu þeirra til þess, hvort æskilegt væri að kveðja saman nýja alþjóðaráðstefnu og fá þar almennt samkomulag um 12 mílna hámarks lögsögu. Bandaríkin og fleiri ríki lýstu fylgi sínu við tillögu þessa, en tóku fram að afstaða þeirra mundi mótast af því, hvort unnt væri að ná samkomulagi um ýms atriði, sem nátengd væru málinu, þ.e. frjálssar siglingar gegnum sund og viðurkenningu á hinum sérstöku hagsmunum strandríkja að því er snerti fiskveiðar utan 12 mílna. Lýstu Bandaríkin því yfir, að þau mundu vilja taka þátt í umræðum sérfræðinga um þessi mál.

Afstaða Bandaríkjanna byggðist á því, að ef takast ætti að fá samkomulag um 12 mílna hámark væri óumflýjanlegt að koma til móts við strandríkin varðandi sérhagsmuni þeirra utan 12 mílnanna og átti það ekki sízt við um þróunarlöndin.

Þegar Bandaríkin og Sovétríkin höfðu rætt þessi mál nánar var lögð fram tillaga, sem Bandaríkin afhentu ýmsum ríkjum, þ.á.m. Íslandi í febrúar 1969. Fylgdi þar með uppkast að alþjóðasamningi, sem síðar var breytt nokkuð.

Samningsuppkastið hefir að geyma reglur um að hámark landhelgi skyldi vera 12 mílur, að ríki sem hefði minna en 12 mílna landhelgi ætti rétt á fiskveiðilögsögu allt að 12 mílum, að siglingar um sund væru heimilar og loks að þessi ákvæði skyldu gilda um fiskveiðar utan 12 mílna markanna:

sjá meðf. ljósrit *S. 31*.

Tillögur þessar voru ræddar innan NATO 24. og 25. apríl 1969. Á þeim fundum kom fram sú skoðun, að ekki væri tímabært að kveðja saman hina fyrirhuguðu ráðstefnu árið 1970 svo sem ráðgert var. Nauðsynlegt væri að ráðgast við fleiri ríki og undirbúa málið sem bezt, þannig að ekki væri hætt við að enginn árangur fengist í málinu eins og 1958 og 1960. Virðist nú talið að ráðstefnan verði ekki haldin fyrr en 1971 eða 1972.

Að því er Ísland varðar, er þess fyrst að geta, að uppkastið viðurkennir forgangsrétt strandríkis utan 12 mílna þegar sérstaklega stendur á. Hitt er jafn ljóst, að mikið skortir á, að hagsmunum Ísland, sé þar gerð nægileg skil. Aðgerðir þær sem heimilaðar eru í III. gr. B, sem ekki mega mismuna erlendum fiskimönnum, ganga ekki lengra en gert er í Genfarsamningnum varðandi fiskveiðar. C-liðurinn á aðeins við, þar sem fjármagn hefir verið lagt í viðhald stofnsins - væntanlega á það aðallega við laxveiðar í sjó. ^{Loks} ~~Loak~~ er D-liðurinn, sem er ætlað að friða þau ríki sem óánægð eru með 12 mílna hámark. Sá liður er alltof þröngur fyrir íslenska hagsmunum. Þá má ekki gleyma því að höfuðtilgangurinn með uppkastinu af fyrirhugaðri ráðstefnu er að festa 12 mílur sem hámark og er eftirtektarvert að bæði Bandaríkin og Sovétríkin leggja áherzlu á að frysta það ástand sem allra fyrst. Bendir það til að þróun þjóðaréttarins á þessu sviði - þróun, sem aðeins gæti orðið Íslandi í hag. Virðist einmitt að hagskvæmast sé fyrir Ísland að vera ekki til viðtals um slíkar ráðagerðir nema miklu meira sé í boði en uppkastið gerir ráð fyrir. Væri þá nær að reyna að finna lausn á vegum Norðaustur Atlantshafsnefndarinnar svo sem vikið er að hér að framan.

[sé farið at valda áhyggjum .

X.

Heildarniðurstöður og tillögur.

Niðurstöður greinargerðar þessarar má taka saman þannig:

- 1) Ekki hefir enn skapast venjuréttur í þjóðaréttinum þannig að ríki verði talið heimilt að framfylgja lögsögu yfir fiskveiðum gagnvart útlendingum utan 12 mílna frá grunnlinum, *en þess að sérstök samþykki þygi þyri Lúka!*
- 2) Ljóst er, að þróunin gengur í þá átt að styrkja aðstöðu strandríkja í þessu efni. Á Genfar-ráðstefnunni 1960 greiddu aðeins 37 ríki gegn tillögu Íslands um sérstöðu sér til handa, (25:37:26).

Líklegt er, að þau ríki sem átt hafa í erfiðleikum með að framfylgja reglum á þessu sviði, reyni að halda málinu til streitu. Líklegt er einnig, að sum þeirra ríkja, sem sett hafa slíkar reglur, en ekki framfylgt þeim, muni grípa fyrsta tækifæri til þess. Loks er líklegt, að fleiri ríki bætist í hópinn, t.d. Columbia, Uruguay og Venezuela.

Allt mun þetta taka langan tíma, en nauðsynlegt er að þróunin sé jafnan höfð í huga af Íslands hálfu og allt gert til að styðja hana, en ekkert til að hefta hana eða spilla fyrir henni. Á meðan er rétt að finna aðrar lausnir í samvinnu við önnur ríki.

Allt er þetta erfiðleikum bundið og sést það t.d. af því, að 28 ríki eiga ekki land að sjó og hafa ekki áhuga á útfærslu, 50-60 ríki önnur hafa mjög lítinn eða engan áhuga á útfærslu. Eru þá eftir 50-60 ríki og mundi um helmingur þeirra hafa nokkurn áhuga á útfærslu en hinn helmingurinn lítinn. Er þó ljóst, að erfitt er að fá yfirgnæfandi meirihluta fyrir

útfærslu jafnvel í undantekningartilfelli, sem ekki skiptir verulegu máli fyrir flest ríki.

Eftirfarandi tillögur virðast nú tímabærar:

- 1) Hafrannsóknastofnuninni sé falið að athuga hámarks afla á Íslandsmiðum, þ.e. hversu miklar veiðar stofnarnir þola. Einnig hvernig aflinn hefir skipzt milli landa undanfarin 10 ár og hverjar þarfir Íslands munu vera í fyrirsjáanlegri framtíð.
- 2) Kannað sé með algerlega óformlegum viðræðum - helzt með ~~þ~~persónulegum samböndum - hvaða kvótafyrirkomulag kynni að standa til boða á Íslandssvæðinu. Yrði þar að ræða við Breta og Þjóðverja og einnig við Bandaríkjamenn og *e.t.v.* Rússa.
- 3) Þegar upplýsingar liggja fyrir um ofangreind atriði, er hægt að meta bæði afstöðuna til kvóta fyrirkomulagsins og til fyrirhugaðrar þriðju ráðstefnu varðandi réttarreglur á hafinu.
- 4) Ekki virðist rétt ~~þá~~ þessu stigi að gefin sé út nein einhliða yfirlýsing af Íslands hálfu varðandi forgangsrétt. Virðist sterkara að ræða málin út frá því sjónarmiði að ef ekki náist viðunandi samkomulag sé einhliða útfærsla eina leiðin.
- 5) Fylljast þarf vel með kosningum nýrra dómara í alþjóðadómstólinn, þannig að þróunarríkin fái þar betri aðstöðu en nú er.

6) Vinna þarf að undirbúningi væntanlegrar ^{þing}þingráðstefnu varðandi réttarreglur á hafinu. Er þar að sjálfsögðu aðalatriðið að semja tillögu til styrktar því kerfi sem III. gr. uppkasts Bandaríkjanna og Sovétríkjanna byggist á. Verður þar að byggja á reynslu þeirri, sem fékkst á fyrstu tveim ráðstefnunum um það, hvers stuðnings sé að vænta frá öðrum ríkjum varðandi sérstöðu Íslands. Aðalvandamálið er það, að ef tillagan er algjörlega miðuð við Ísland eitt er erfitt að fá fylgi meirihlutans fyrir slíkri reglu. Sé tillagan hins vegar rýmri mundi það fæla fjölda ríkja frá. Að öllu athuguðu virðist hagkvæmast að reyna að ná samkomulagi við hlutaðeigandi ríki áður en til ráðstefnunnar kemur og forðast á meðan að styggja þau að óþörfu með einhliða yfirlýsingum.

a

7) Þegar tillagan um nýja ráðstefnu verður lögð fram - væntanlega á næsta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna - mun gefast tækifæri til að ræða málin frá sjónarmiði Íslendinga og fá fram skoðanir annarra. Var sú aðferð höfð þegar fyrri Genfarráðstefnurnar voru haldnar og skýrðust málin þá fyrir fram. Slíkar umræður gætu þá m.a. farið fram á grundvelli þeirra gagna um löggjöf hinna ýmsu þjóða, sem safnað hefir verið aðtílhliutan utanríkisráðherra Íslands undanfarin tvö ár og dreift verður innan skamms.